

Ed.

610. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir fjórða málslið fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Kjörtímabil nefndarmanna skal miðað við 6 almanaksár.

2. gr.

Tvo fyrstu málsliði fyrri málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, svo fljótt sem við verður komið þegar reikningar bankans eru fullgerðir. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með nægum fyrirvara.

3. gr.

Fyrsta málslið fyrri málsgr. 39. gr. laganna skal orða svo:

Á aðalfundi nefndarinnar árið eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr. kýs nefndin sér forseta til aðalfundar 2 árum síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1934, fellur niður 31. des. 1939.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1936, fellur niður 31. des. 1941.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1938, fellur niður 31. des. 1943.

Á þingi því, er samþykkir þessi lög, fer fram kosning 5 landsbankanefndarmanna og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt að beiðni forseta landsbankanefndar, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Ákvæði frv. þessa miða að því að ráða bót á ruglingi þeim og vandkvæðum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd ákvæða landsbankalaganna um kosningu landsbankanefndar og um aðalfund nefndarinnar.

Eins og lögín mæla fyrir, hefir annaðhvert ár frá setningu þeirra farið fram kosning $\frac{1}{3}$ hluta nefndarmanna til 6 ára, en ekki ætíð á sama tíma árs. Árið 1928 var kosið í apríl, 1930 í febrúar og 1932, 1936 og 1938 í marz. Á þinginu 1934, sem háð var að haustinu, fór hinsvegar ekki fram kosning í nefndina fyrr en í desember. Kjörtími nefndarþriðjunganna gengur því mjög á misvíxl, ef hann skal telja eftir laganna hljóðan 6 ár, og kemur slíkt misræmi í bága við ætlun löggjafans, en frá þessum ákvæðum hefir ekki verið gengið nógu vel í byrjun. Lagt er til, að úr þessu verði bætt með því að miða kjörtímabil nefndarmanna framvegis við heil almanaksár.

Eitt af verkefnum aðalfundar er að úrskurða reikninga bankans, og er því eðlilegast að haga fundartímanum eftir því, hvenær reikningarnir eru fullgerðir, en ekki miða hann við ákveðinn tíma frá setningu Alþingis, eins og gert er í lögnum, enda getur þingtíminn orðið breytilegur.

Þá þykir og rétt að fella burt fyrirmæli laganna um, að aðalfund skuli boða með mánaðar fyrirvara, og kveða aðeins svo á, að það skuli gert með nægum fyrirvara. Reynslan hefir sýnt, að fundarboð svo löngu fyrirfram vilja gleymast, en á hinn bóginn óþarft að fyrirskipa svo langan frest, með því að gera má ráð fyrir, að allur þorri nefndarmanna verði framvegis sem hingað til búsettur í Reykjavík eða nærlendis.